

Dyknar elið, þrútnar hríð og blæs,  
 Þytur kaldur fer af ökumanni.  
 Fyllist jóreyk, rökkva íss og snæs,  
 Rokuloft og sléttan fanna-hrauni.  
 Fjöllin á sig klakahjálmi hvelta,  
 Krapabrynju týgjast vatn og elfa.

Aldrænn Vetur, enginn fagnar þér,  
 Allir fyrir veldi þínu kvíða,  
 Súmar-blóm af felmtri fölnað er,  
 Fallin lauf af skelfing þinna hríða—  
 Þú munt stolt frá stóli jökulfanna  
 Stjórna lengst í óþökk guðs og manna.

Kaldi Vetur, kveðið get eg við  
 Komu þína og rímað kuldann á þér—  
 Velkominn, að gestagreiðans síð,  
 Í garð minn vert og sittu uppi hjá mér.  
 Hér er ekkert handa þér að frjósa,  
 Hæfilegan náttstað áttu' að kjósa.

Gistu, þigðu þessi stuttu ljóð  
 Þér í sveig sem bind eg stirð og frosin,  
 Vinargjöf þér valin er svo góð!  
 Verður sæmri þér til handa kosin?  
 Íshönd þinni endast mun hún betur  
 Akurrósum sem að fælast vetur.

Heyrðu vinur! greiðinn á sín gjöld—  
 Gef mér fyrir sveiginn slíkra blóma:  
 Nokkur fjölstirnd, frostheið tunglskinskvöld,  
 Fagurbeltuð segulstrauma ljóma,  
 Og á veldisvængjum bylja þinna,  
 Vetur, lyftu þrá til hærri kynna. [1883]